

**Fundargerð 391. fundar
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 30. september, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.**

Fundinn sátu:

Sandra B. Franks, formaður
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Fjarverandi
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Kjarasamningar, innleiðing styttingar vinnuvikunnar
4. Fulltrúapíngið 10. september, eftirfylgni ályktana
5. Sameining Styrktarsjóða BSRB og SFR
6. Zoom-fundir með félagsstjórn, helstu áherslur
7. Trúnaðarmannaráðsfundur – Zoom, undirbúningur og kynning á styttingu vinnuvikunnar
8. Þjónustukönnun á starfsemi félagsins
9. Stefnumótun um mönnun – öflun gagna
10. Orlofsmál

Önnur mál

Fundargerð

1. Fundur settur

Sandra B. Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar og gerði grein fyrir að Kristín Ólafsdóttir yrði ekki á fundinum.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritar SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á heimasíðu félagsins.

3. Kjarasamningar og innleiðing styttingar vinnuvikunnar

SBF fór yfir að allir stærri samningar félagsins væru klárir og samþykktir og verið væri að vinna við gerð samninga við smærri stofnanir. Fram kom að huga þyrfti að

nánari kynningu og eftirfylgni með innleiðingu styttingar vinnuvikunnar. Ýmsar missagnir og túlkningar eru í gangi og þá helst frá stjórnendum. Rætt var um nauðsyn þess að félagið haldi zoom fund, þ.s. farið væri yfir helstu atriði og spurningum svarað.

4. Fulltrúafing SLFÍ 10. september, eftirfylgni með ályktunum

SBF fór yfir að vel hafi gengið að koma ályktunum fulltrúafingsins á framfæri í fjölmiðlum. Enn væru ákveðnar ályktanir sem fylgja þyrfti eftir og vörðuðu m.a. forgang sjúkraliða til sjúkraliðastarfa, fagráðin og þátttöku í stefnumótun í heilbrigðisþjónustu til framtíðar. Fram kom að stjórnendur HVEST væru búnir að óska eftir sjúkraliða í fagråd stofnunarinnar.

5. Sameining styrktarsjóða SFR og BSRB

SBF fór yfir að í umræðunni sé að sameina styrktarsjóði SFR og BSRB, en SFR hefur verið með sinn eigin styrktarsjóð í fjölda ára, en STRV, sem nú hefur sameinast SFR undir nafninu Sameyki, var og er aðili að Styrktarsjóði BSRB. SBF var skipuð fulltrúi styrktarsjóðsins í nefnd sem falið er að finna réttláta lausn á málinu með fulltrúum frá Sameyki/SFR.

6. Mánaðarlegir zoom – fundir með félagsstjórn

SBF ræddi efnistöð væntanlegs félagsstjórnarfundar, sem ákveðið var að halda í fjarfundi mánaðarlega, til fara yfir og fylgja eftir þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni. Fyrsti fundur verður næstkomandi þriðjudag og þar þarf að fara yfir styttingu vinnuvikunnar og tilhögun aðalfunda deilda.

7. Trúnaðarmannaráðsfundur í Zoom, undirbúningur og kynning á styttingu vinnuvikunnar

SBF fór yfir að víða væri verið að innleiða eða ræða innleiðinguna á styttingu vinnuvikunnar og þá sérstaklega í dagvinnu, sem á í síðasta lagi á að taka gildi um n.k. áramót. Farið var yfir að mikilvægt væri að félagið haldi sínu fólki upplýstu, þ.s. víða væri um rangtúlkningar eða misskilning að ræða. Innleiðingarhópur vinnumarkaðarins er að störfum og fylgist vel með framgangi málsins. Ákveðið var að halda trúnaðarmannaráðsfund þann 4. nóvember kl. 15.00 til 17.00 til að fara yfir helstu atriði varðandi styttingu vinnuvikunnar og fara yfir tímalínuna varðandi helstu atriði kjarasamninga.

8. Þjónustukönnun á starfsemi félagsins

Rætt var um að könnun meðal félagsmanna um álit þeirra á þjónustu félagsins/skrifstofunnar fari fljótlega í loftið og verði hún unnin í samstarfi við AP-media og verði að einhverju leyti í takt við þær kannanir sem áður hafa verið gerðar. Ákveðið var að framkvæmdastjórn hittist þann 6. október kl. 16.00 og leggi drög að eða útbúi könnunina.

9. Stefnumótun um mönnun – öflun gagna

SBF fór yfir þau tölfræðigögn sem verið er að afla til að byggja undir og styðja við stefnumótun varðandi mönnun sjúkraliða í sjúkraliðastörf til framtíðar. Þessi vinna er einnig í vinnslu til að upplýsa heilbrigðisráðuneytið um helstu tölfræði varðandi sjúkraliða.

10. Orlofsmál

GÖG gerði grein fyrir sölu Orlofsheimilasjóðs á Safamýri 36 og kaupum Orlofsheimilasjóðs á íbúð á 3 hæð við Hallgerðargötu 3 í Reykjavík, sem áður hafði verið kynnt á fulltrúaþingi SLFÍ

Önnur mál

- Netnámskeið um streitu. Málið rætt og ákveðið að vera ekki með.

Fundi slitið kl. 17.40